

RÍKISSAKSÓKNARI

SJF/

Reykjavík, 12. maí 2017

Tilvísun ríkissaksóknara: 201704-0179

Velferðarnefnd Alþingis hefur sent ríkissaksóknara til umsagnar tillögu til þingsályktunar um stefnu og framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks fyrir árin 2017-2021, 434. mál.

Vegna þess sem fram kemur í lið D.4. vill ríkissaksóknari áréttta að lögum samkvæmt er ríkissaksóknari yfirmaður rannsókna sakamála á landsvísu og ber að sinna þar samræmingar- og eftirlitshlutverki. Með bréfum dags. 13. og 31. janúar 2017 skipaði ríkissaksóknari starfshóp um meðferð kynferðisbrotamála þegar um fatlaða sakborninga og/eða brotþola er að ræða.

Í starfshópnum eiga sæti sérfræðingar sem tilnefndir voru af hálfu embættis héraðssaksóknara, Lögreglustjórafélagi Íslands, Dómstólaráði, Rannsóknarsetri Háskóla Íslands í fötlunarfræðum og Landssamtökunum Proskahjálp. Þeir sem skipa hópinn eru: Kolbrún Benediksdóttir varahéraðssaksóknari sem jafnframt er formaður, Elís Kjartansson lögreglufulltrúi, Þórdís Ingadóttir af hálfu dómstólaráðs, Rannveig Traustadóttir, prófessor í fötlunarfræðum og forstöðumaður Rannsóknarseturs í fötlunarfræðum og Helga Baldvins- og Bjargadóttir lögfræðingur.

Þau atriði sem starfsópurinn á helst að huga að varða tilhögun skýrslutöku af fötluðum gerendum og þolendum við rannsókn mála og fyrir dómi, fræðsla og þjálfun lögreglumanna, ákæranda og dómara á þessu sviði og aðkoma réttindagæslumanna að málunum. Starfshópurinn mun gera drög að verklagsreglum um meðferð ofangreindra mála og tillögur að lagabreytingum, ef talið er að þeirra sé þörf, m.a. með hliðsjón af 13. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.

Um mælanlegt markmið segir í lið D.4. í þingsályktunartillögunni:

„Fjöldi lögreglumdæma sem hefur við rannsókn mála tekið mið af og tileinkað sér aðferðafræði sem byggist á verklagi lögreglunnar á Selfossi.“

Ekki liggur fyrir á þessu stigi hvers efnis verklagsreglur ríkissaksóknara verða, en starfshópnum ber að skila tillögum sínum til ríkissaksóknara fyrir 1. júní 2017. Ríkissaksóknari telur því ekki rétt að setja framangreint markmið fram í tillögunni.


Sigríður J. Friðjónsdóttir
ríkissaksóknari



nefundasvid@althingi.is